



STARFSÁRIÐ 2013 – 2014

SKÝRSLA STJÓRNAR

Lögð fram á aðalfundi 20. mars 2014



**AUKUM
KAUPMÁTTINN**
kjósum lægra vöruverð



STARFSÁRIÐ 2013 - 2014 SKÝRSLA STJÓRNAR

Nýir félagsmenn

Á starfsárinu hafa eftirtalin fyrirtæki gerst aðilar að SVP:

Bitter ehf.	Kvikmyndahúsið ehf. –
Bón og þvottastöðin ehf.	Laugarásbíó
Fjarðarþrif ehf.	Leikskólinn Hlíðaból
Hreinsýn sf.	Maskína rannsóknir ehf.
Ísbúðin Valdís ehf.	Rós design ehf.
JBS ehf. (Nonnabiti)	Rúblan ehf./Bókabúð Máls og menningar
Kbók ehf.	Tanni ehf.
Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.	Verslunarfélagið Iða
Kranaafl ehf.	Vélfang ehf.
	Pórður Stefánsson ehf.

Stjórn og trúnaðarmenn

Stjórn SVP

Margrét Kristmannsdóttir, formaður, Pfaff hf.
Finnur Árnason, varaformaður, Hagar hf.
Guðmundur Halldór Jónsson, Norvik hf.
Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.
Hörður Gunnarsson, Ólífudreifing ehf.
Margrét G. Flóvenz, KPMG ehf.
Sigríður Margrét Oddsdóttir, Já Upplýsingaveitur ehf.

Starfsmenn

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri
Guðbjörg S. Jónsdóttir, skrifstofustjóri
Lárus M.K. Ólafsson, lögfræðingur
Lísbet Einarsdóttir, forstöðumaður flutninga- og fræðslumála

Fagráð um hafnamál

Aðalfulltrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafulltrúi:

- Garðar Jóhannsson, Nesskip ehf.

Fagráð um umferðamál

Aðalfulltrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafulltrúi:

- Gísli Arnarsson, Samskip hf.

Ísland Allt árið – framkvæmdastjórn

Aðalfulltrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafulltrúi:

- Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.

Kjararáð SVP

- Bára Mjöll Ágústsdóttir, Samskip hf.
- Guðríður Baldursdóttir, Norvik hf.
- Sigurbjörn Gunnarsson, Lyfja ehf.

Lyfjagreiðslunefnd

- Andrés Magnússon, SVP

Menntanefnd SA (ótímabundin tilnefning)

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Samstarfshópur um tollamál á sviði landbúnaðar

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Siglingaráð

Aðalfulltrúi:

- Eypór H. Ólafsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Varafulltrúi:

- Garðar Jóhannsson, Nesskip ehf.

Siglingaverndarráð

Aðalfulltrúi:

- Einar I. Einarsson, Samskip hf.

Varafulltrúi:

- Agnar Þ. Agnarsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar (tilnefnt til fjögurra ára):

Aðalfulltrúar:

- Auður Þórhallsdóttir, Samskip hf.

- Ólafur Finnbogason, Íslandspóstur ohf.

Varafultrúar:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP
- Sif Svavarsdóttir, Eimskipafélag Íslands hf.

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina (tilnefnt til fjögurra ára):

Aðalfulltrúar:

- Guðríður Hjördís Baldursdóttir, Norvik hf.
- Hallur Guðjónsson, Lyfja ehf.
- Sigríður Harðardóttir, N1 hf.

Varafultrúar:

- Falur Jóhann Harðarson, Samkaup ehf.
- Inga Guðrún Birgisdóttir, 1912 ehf.
- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks:

Aðalfulltrúar:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP
- Arndís Arnarsdóttir, Hagkaup
- Ólafur Finnbogason, Íslandspóstur ohf. (frá sept. 2013)
- Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir, Olíuverzlun Íslands hf. (til sept. 2013)

Varafultrúar:

- Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

Starfshópur um breiðbandsvæðingu samkvæmt fjarskiptaáætlun 2011-2022

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP (samkvæmt tilnefningu SA)

Stjórn EuroCommerce (tilnefning árlega):

- Andrés Magnússon, SVP

Stjórn GS1 (tilnefning árlega):

- Bergur Bergsson, Aðföng

Stjórn Rannsóknarseturs verslunarinnar

- Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.

Stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, (tilnefning árlega)

Stjórn SA:

- Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.
- Finnur Árnason, Hagar hf.
- Guðmundur Halldór Jónsson, Norvik hf.
- Sigríður Margrét Oddsdóttir, Já Upplýsingaveitur ehf.

Framkvæmdastjórn SA:

- Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.
- Finnur Árnason, Hagar hf.

Stýrinefnd raf- og raftækjaúrgangs:

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur (SA tilnefni til fjögurra ára):

- Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

Umhverfismerkisráð Íslands (ótímabundin tilnefning)

- Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

Úrvinnslusjóður:

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Verkefnisstjórn um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda:

Aðalfulltrúar:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafultrúar:

- Eypór H. Ólafsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Verkefnastjórn – Litla Ísland:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Skýrsla stjórnar

Stjórn samtakanna var þannig skipuð á starfsárinu: Margrét Kristmannsdóttir, formaður, Finnur Árnason, varaformaður, Guðmundur Halldór Jónsson, Guðrún Jóhannesdóttir, Hörður Gunnarsson, Margrét G. Flóvenz og Sigríður Margrét Oddsdóttir.

Stjórn SVP hélt alls 11 fundi á starfsárinu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim fjölmörgu hagsmunamálum sem fjallað var um á vettvangi stjórnar og í félagsstarfinu almennt.

1

Almenn hagsmunagæsla

Stór hluti af starfsemi SVP snýst um almenna hagsmunagæslu fyrir félagsmenn. Samskipti við stjórnvöld og aðra opinbera aðila er veigamikill þáttur í þeirri hagsmunagæslu, enda er við stjórnvöld að eiga í flestum þeirra mála sem unnið er að á hverjum tíma.

Kjaramál

Almennir kjarasamningar milli SA og ASÍ sem voru undirritaðir skömmu fyrir júl 2013 hljóðuðu upp á 2,8% hækkun launa á samningstímanum sem er til ársloka 2014. Samningarnir voru samþykktir nær einróma af aðildarfyrirtækjum SA en aðeins af naumum meirihluta aðildarfélaga ASÍ, meðal annars VR. Sá hluti ASÍ félaga sem felldi samningana, gerði það í flestum tilfellum með litlum mun. Nær undantekningarlaust tókust samningar síðan um miðjan febrúar 2014 við þau stéttarfélög sem felldu samningana.

Í aðfararsamningi að kjarasamingunum segir að stefna skuli að því að ná fram auknum kaupmætti m.a. eftir öðrum leiðum en með beinum kauphækkunum, en þar segir orðrétt „*Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld beita sér fyrir endurskoðun á vörugjöldum og tollum með lækkun verðlags að markmiði*“. Var þetta mjög í anda þess sem SVP lagði áherslu á í aðdraganda kjarasamninganna, þ.e. að farin yrði blönduð leið kauphækkana og aðgerða til að ná fram auknum kaupmætti með lækkunum á vörugjöldum og tollum, ekki síst á matvæli.

Jafnframt var við undirritun kjarasamninganna þann 21. desember 2013 gerð tímamótabókun milli SA og Landsambands íslenskra verslunarmanna um aukið viðskiptafrelsi og kaupmátt. Þar er m.a. kveðið á um að aðilar muni, bæði beint og óbeint, eiga aðild að sameiginlegri vinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við endurskoðun virðisaukaskatts, vörugjalda og tolla. Þá segir einnig í bókuninni að aðilar muni á árinu 2014 beita sér fyrir því að marktæk skref verði stigin til þess að draga úr tollvernd kjúklinga- og svínakjöts og eggja, þar sem tollvernd þessara vara sé með því mesta sem þekkist í heiminum. Slíkt myndi vera vel til þess fallið að auka kaupmátt heimilanna og stuðla þannig að markmiði kjarasamningsins um stöðugt verðlag yrði náð.

Kjararáð SVP

Kjararáð SVP sem sett var á laggimar fyrir nokkrum árum hefur reynt mikilvægur vettvangur til þess að fjalla um sérstök hagsmunamál aðildarfélaga SVP á kjaramálasviðinu. Sú sérþekking sem er til staðar innan kjararáðsins hefur reynt stjórn SVP og fulltrúum SVP í framkvæmdastjórn SA mikilvæg í því skyni að koma sérstökum áherslumálum verslunar- og þjónustufyrirtækja á framfæri innan framkvæmdastjórnarinnar. Áhersluatriði kjararáðs SVP á árinu voru þau að stefna bæri að því að gera stutta samninga, með áherslu á aukinn kaupmátt sem innistæða væri fyrir hjá atvinnulífnum. Þá mætti það ekki endurtaka sig að þeir yrðu jafn „framþungir“ og kjarasamingarnir sem gerðir voru 2011. Kjararáðið lagði einnig áherslu á nauðsynlega breytingu á gerð kjarasamninga, í því skyni að gera þá einfaldari og auðveldari í framkvæmd.

Samskipti við opinberar stofnanir, ríki og sveitarfélög

Gagnrýni McKinsey skýrslu á verslun og þjónustu

Skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey sem Viðskiptaráð gaf út haustið 2012 hefur verið til umræðu á árinu, einkum vegna umfjöllunar í skýrslunni um offjárferingu í verslunar- og atvinnuhúsnæði, en fram hafa komið sjónarmið þess efnis að tölur sem settar eru fram um þetta atriði í skýrslunni fái ekki staðist. Vandinn sem við er að glíma hér er að ekki er nægjanlega gott aðgengi að gögnum frá opinberum aðilum til að unnt sé að leiða í ljós

hið rétta í málinu. Engu að síður er mikilvægt að geta byggt á réttum tölum/upplýsingum í umræðu um þessi mál, þar sem verslunin má þola sífellda gagnrýni fyrir óhagkvæmni í rekstri og of mikið framboð á verslunarhúsnæði. Óhætt er að fullyrða að verslunin kemur engu að síður ágætlega út í þessum samanburði ef miðað er við ýmsar aðrar atvinnugreinar sem litla eða enga gagnrýni fengu í McKinsey skýrslunni, en samkvæmt skýrslunni er framleiðni í verslun hér á landi 8% lakari en hjá versluninni í nágrannalöndum okkar. Það hefur verið kappsmál SVP að varpa skýrara ljósi á þessi mál og því er í undirbúningi ráðstefna þar sem skipulagsmál fyrir verslunarhverfi verður til sérstakrar umfjöllunar. Í aðdraganda sveitarstjórnkosninganna vorið 2014 gefst afar gott tækifæri til þess að fjalla um þetta mikilvæga málefni, þar sem hægt verður að kalla eftir stefnu sveitarfélaganna. Vandinn sem hefur verið við að etja þegar þessi mál hafa verið til umfjöllunar er skortur á yfirsýn yfir málaflokkinn og því er mikilvægt að kalla alla hagsmunaðila að borðinu.

Einföldun neysluskatta

Eins og áður hefur komið fram hafa samtökin lagt áherslu á breytingar á núverandi kerfi neysluskatta í átt til einföldunar. Gagnrýni okkar á innheimtu vörugjalda og tola á ýmsar nauðsynjavörur er hluti af þeirri gagnrýni. Í tillögu „*Samráðsvettvangs um aukna hagsæld*“ er lagt til að allir neysluskattar, þ.m.t. vörugjöld og ýmsir tollar, verði sameinaðir í einu þrepi virðisaukaskatts og að sú breyting fari fram í áfögnum á fimm til sex ára tímabili. Tillögur þessar eru mjög í anda þess sem SVP hefur sett fram og njóta þær því stuðnings samtakanna.

Aukinn tollkvóti landbúnaðarvara

Í tengslum við viðræður íslenskra stjórnvalda við Evrópusambandið um aukið markaðsaðgengi fyrir landbúnaðarvörur beindi stjórn samtakanna því til stjórnvalda að eðlilegast væri að bjóða aukinn innflutningskvóta á hvítu kjöti í staðinn fyrir bætt markaðsaðgengi íslenskra landbúnaðarvara inn á Evrópumarkað. Núverandi samningur við ESB hljóðar upp á innflutning á 650 tonnum af kjöti og 100 tonnum af osti á ári. Eins og komið hefur fram hjá forsvarsmönnum mjólkuriðnaðarins á Íslandi er áhugi á að stórauka útflutning á skyri. SVP eru þeirrar skoðunar að íslensk stjórnvöld eigi í staðinn að bjóða aukinn tollfrjálsan innflutning á þeim búvörum sem njóta mestrar tollverndar, það er á kjúklingakjöti, svínakjöti og unnum kjötvörum.

Samtökin hafa bent á það í umfjöllun um þessi mál að með því að lækka tola á t.d. alifuglakjöti um helming, nyti innlend framleiðsla enn mikils stuðnings. Þessar aðgerðir væru engu að síður til þess fallnar að unnt væri að lækka verð á þessum innfluttu vörum um 20 – 25%.

Í tengslum við umræðu um útboð á tollkvótum skapaðist umræða um hvort mögulegt væri að takmarka heimildir innlendra framleiðenda til að bjóða í tollkvóta. Fram hefur komið að innlendir framleiðendur ná til sín stórum hluta kvótans, mismunandi þó eftir vörutegundum. Samtökin munu halda áfram að vinna að framgangi þessa máls af fullri einurð, enda um mikla hagsmuni að ræða fyrir íslensk heimili.

Upprunamerkingar matvæla

Mikil gagnrýni kom fram á afurðastöðvar í mjólkuriðnaði í kjölfar innflutnings á írsku smjöri og íblöndun þess í innlenda framleiðslu. Einnig kom í ljós að sambærileg vinnubrögð voru viðhöfð hjá kjúklinga- og svínakjötsframleiðendum. Þetta mál leiddi í ljós nauðsyn þess að skýrar reglur gildi um upprunamerkingar matvæla, en Evrópureglugerð um þau mál mun verða innleidd í íslenskan rétt í lok þessa árs. Engu að síður þótti ástæða til að flýta setningu reglna um upprunamerkingar matvæla, en matvöruverslunin hefur óskað eftir slíkum reglum um langa hríð. Settur hefur verið á laggirnar starfshópur í þessu skyni og munu SVP eiga fulltrúa í þeim hópi. Aðrir sem tilnefna í hópinn eru: Bændasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök Iðnaðarins og Neytendasamtökin.

Innflutningsbann á hráu kjöti

ESA – Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum áminningarbréf vegna innflutningsbanns á fersku kjöti, mjólk og eggjum sem ESA telur að gangi gegn ákvæðum EES samningsins. Eins og staða málsins er nú bendir margt til þess að ESA stefni íslenskum stjórnvöldum fyrir EFTA dómstólinn vegna málsins. Íslensk stjórnvöld hafa á hinn bóginn lýst því yfir að þau séu ósammála álitu ESA og muni verjast í málinu. SVP vilja leita leiða til að fá sem fyrst niðurstöðu í þessu ágreiningsmáli og er því að skoða möguleikann á því að það verði tekið fyrir hjá íslenskum dómstólum.

„Tvitollun“ á ýmsum vöruflokkum

Samtökin héldu á starfsárinu áfram að vekja athygli stjórnvalda á því mikla vandamáli sem felst í „*tvitollun*“ á t.d. fatnaði, skóm, húsgögnum, leikföngum og mörgum öðrum vöruflokkum við innflutning til landsins. Eins og samtökin hafa ítrekað vakið athygli á lýsir vandinn sér í því að Evrópusambandið leggur toll á margvíslegar vörur

sem fluttar eru inn til aðildarríkja sambandsins frá „þriðju ríkjum“, einkum ýmsum ríkjum í Asíu. Viðskipti íslenskra innflytjenda eru gjarnan með þeim hætti að þeir kaupa þessar vörur af birgjum í Evrópu, eftir að viðkomandi vara hefur verið tollafgreidd inn í eitthvert aðildarríkja ESB. Samkvæmt almennum reglum á að endurgreiða þennan toll við útflutning frá Evrópusambandinu.

Í samstarfi við VIRKE, systursamtök SVP í Noregi, var sent formlegt erindi til þeirrar stjórnardeildar Evrópusambandsins sem fjallar um skatta- og tollamál (DG TAX). Tilgangur erindisins var að leita leiða til að einfalda ferlið við endurgreiðslu tollsins við útflutning á þessum vörum til Íslands eða Noregs.

Svar ESB við erindi samtakanna var á þann veg að unnt væri að komast hjá því að greiða slíkan toll með því að flytja vöruna um tollfrjálsar hafnir í Evrópu. Sú leið er því miður ekki tæk nema í undantekningartilfellum þar sem smæð hins íslenska markaðar gerir beinan innflutning frá Asíu mjög oft ómögulegan. Málið er því enn í sömu stöðu og áður, nema að því leyti að gildistaka fríverslunarsamnings við Kína gefur ný tækifæri á beinum innflutningi þaðan og er full ástæða til hvetja félagsmenn til þess að nýta sér hagræðið sem af þeim samningi hlýst eins vel og unnt er.

Íslensk stjórnvöld hafa allan tímann verið upplýst um þann vanda sem hér er við að etja og hafa samtökin þrýst á það að stjórnvöld taki þetta mál í meira mæli upp á sína arma, ekki síst með samvinnu við Norðmenn, enda um gríðarlegt hagsmunamál fyrir íslenska verslun að ræða.

Starfshættir Póst- og fjarskiptastofnunar

SVP vöktu athygli innanríkisráðherra á meinbugum á starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) og ágöllum á lagaumhverfi pósthjónustu sem samtökin telja mikilvægt að verði teknir til nánari skoðunar. Ábendingar SVP varðandi starfsemi PFS eru þrjúþættar. Í fyrsta lagi eru hagsmunir pósthjónustutækja miklir af því að starfsemi PFS sé ávallt í samræmi við ákvæði sérlaga á þessu sviði en samkvæmt ábendingum frá aðildarfélögum er uppi ákveðin slagsíða hjá stofnuninni hvað það varðar. Í öðru lagi virðist sem PFS sé beggja megin borðsins varðandi starfsemi sína og hlutverk lögum samkvæmt. Í þriðja lagi telja SVP að PFS hafi fjallað um og tekið til meðferðar mál sem að öllu jöfnu heyra undir verksvið Samkeppniseftirlitsins.

Athugasemdir SVP vegna innheimtu vörugjalds sendar á Eftirlitsstofnun EFTA

SVP sendu í mars 2013 kvörtun á Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna innheimtu vörugjalds, nánar tiltekið innheimtu á svokölluðum „sykurskatti“. Bentu SVP á að samkvæmt núgildandi lögum er aðilum mismunað varðandi innheimtu á skattinum eftir því hvort um er að ræða innlenda framleiðendur eða innflytjendur. Telja SVP að um mismunun sé að ræða sem gengur gegn frelsi því sem EES-samningnum er ætlað að tryggja. Mál þetta er enn til skoðunar hjá ESA.

Starfshópur vegna pósthjónustunar

Starfshópur vegna samkeppnisstöðu pósthjónustunar, sem skipaður var af forsætisráðherra, skilaði skýrslu sinni til ráðherra í desember 2013. SVP áttu tvo fulltrúa í hópnum, Höllu Garðarsdóttur frá Íslandspósti og Lárus M. K. Ólafsson frá skrifstofu SVP. Helstu tillögur starfshópsins eru að lagt er til að erlendum fyrirtækjum, sem selja vörur og pósthjónustu til Íslands, verði heimilt að innheimta og skila virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum af þeim vörum sem seldar eru til landsins. Einnig er lagt til að aðflutningsgjöld verði felld niður af hrað- og pósthjónungum ef verðmæti sendingar er að fob-verðmæti undir kr. 2.000. SVP gera hins vegar fyrirvara við þessa tillögu enda telja samtökin mikilvægt að heildarfyrirkomulag tolla- og vörugjalda verði tekið til endurskoðunar neytendum og verslun almennt til hagsbóta. Því gagnrýna samtökin að íslenska ríkið aflétti álagningu opinberra gjalda á tiltekinn hóp viðskipta á meðan enn er viðhaldið verulega flóknu skatta- og tollaumhverfi gagnvart innlendri verslun og neytendum.

Kvótar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum – kvörtun til umboðsmanns Alþingis

SVP beindu árið 2011 kvörtun til umboðsmanns Alþingis þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti virti ekki skyldu sína til að auglýsa tollkvóta vegna lambakjöts og matareggja. Um er að ræða skuldbindingar samkvæmt samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í kvörtun sinni bentu samtökin á að lögum samkvæmt er íslenska ríkinu skylt að leyfa innflutning á umræddum landbúnaðarvörum. Samtökin töldu rökstuðning sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis fyrir synjun að bjóða út framangreinda kvóta vera verulega ábótavant og engar haldbærar skýringar gefnar fyrir þeirri ákvörðun. Í mars 2013 birti umboðsmaður Alþingis álit sitt þar sem fallist var á rök SVP og var þeim tilmælum beint til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða þá framkvæmd sem kvartað var undan.

Einfaldara regluverk á forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti óskaði eftir ábendingum frá SVP sem geta leitt til einföldunar og aukinnar skilvirkni á verklagi og regluverki atvinnugreina sem falla undir verksvið ráðuneytisins, nánar tiltekið undir sjávarútvegs- og landbúðarráðuneyti. Um er að ræða eftirfylgni með tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar. SVP vöktu sérstaka athygli á fimm málaflökkum sem vert er að taka til endurskoðunar. Í fyrsta lagi endurskoðun á matvælaeftirliti. Í öðru lagi var lagt til að kröfur um matvælamerkingar sem stafa frá EES löggjöf verði innleiddar með hófstílltum hætti. Í þriðja lagi að innflutningsbann á ógerilsneyddum mjólkurafurðum verði tekið til endurskoðunar. Í fjórða lagi var ítrekað mikilvægi þess að fyrirkomulag tollkvóta á landbúnaðarafurðum og lagaumhverfi búvörumála verði tekið til endurskoðunar. Loks í fimmta lagi gagnrýndu SVP þá tregðu stjórnvalda að útvista verkefnum til fagglitra prófunar- og skoðunarstofa.

Leiðbeinandi tilmæli FME – kvörtun til umboðsmanns Alþingis

SVP sendu árið 2011 kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um hæfi lykilstarfsmanna sem send höfðu verið til váttryggingafélaga og váttryggingarmiðlara. Samtökin töldu að víða væri pottur brotinn í umræddum tilmælum og óskuðu eftir því að umboðsmaður Alþingis tæki þau til skoðunar og jafnframt lagagrundvöll tilmæla FME, bæði hvað varðar efni þeirra og form. Í ágúst 2013 birti umboðsmaður Alþingis álit sitt í málinu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að umrædd tilmæli hafi ekki verið í samræmi við þær reglur sem telja verður að gildi um útgáfu óskuldbindandi og leiðbeinandi tilmæla af hálfu stjórnvalda og vandaða stjórnsýsluhætti.

Ábending til Samkeppniseftirlitsins varðandi skipan landbúnaðarmála

Í erindi SVP til Samkeppniseftirlitsins vöktu samtökin athygli stofnunarinnar á samkeppnislegum hindrunum sem núverandi skipan landbúnaðarmála felur óneitanlega í sér. Annars vegar fyrirkomulag og framkvæmd útboða á tollkvótum sem íslenska ríkinu er skylt að úthluta vegna aðildar að samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Hins vegar varðandi samráð mjólkurafurðastöðva sem ákvæði búvörlaga undanþiggja ákvæðum samkeppnislaga. Skorað var á Samkeppniseftirlitið að taka mál þessi til skoðunar og vekja athygli landbúnaðarráðherra á þeim ágöllum og hömlum sem núverandi framkvæmd og fyrirkomulag búvörlaga felur sannarlega í sér.

Kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna starfshátta Seðlabanka Íslands

Í janúar 2014 beindu SVP kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna starfshátta og málsmeðferðar Seðlabanka Íslands í tveimur málum er varða gjaldeyrishöft. Í báðum þessum málum hefur bankinn dregið úr hófi að afgreiða þau mál sem og svara þeim erindum sem að honum hafa verið beint. Var þess óskað að kannað yrði hvort málsmeðferð bankans uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til vandaðrar stjórnsýslu. Málið er enn til skoðunar hjá umboðsmanni Alþingis.

Ábending til Samkeppniseftirlitsins varðandi bann við lyfjauglýsingum

Í erindi SVP til Samkeppniseftirlitsins vöktu samtökin athygli á samkeppnislegum hindrunum sem núverandi auglýsingabann á lausasölulyfjum í sjónvarpi felur í sér. Að mati SVP felur bannið í sér að hagsmunaaðilum er meinaður aðgangur að auglýsingamiðli sem að öllu jöfnu öðrum geirum er heimilaður aðgangur að. Þá benti samtökin á að Samkeppniseftirlitið hefur áður talið að umrætt bann feli í sér aðgangshindrun á lyfjamarkað. SVP skoruðu á Samkeppniseftirlitið að taka málið til skoðunar og vekja athygli viðkomandi ráðherra á þeim ágöllum og hömlum sem bannið felur í sér.

Útvistun verkefna

SVP hafa lagt mikla áherslu á að hið opinbera tileinki sér í auknum mæli að útvista verkefnum sem sinnt hafa verið af ríkinu til einkaaðila. Að mati samtakanna kann sú framkvæmd að fela í sér ákveðið hagræði fyrir hið opinbera og er til þess fallið að efla samkeppni á almennum markaði. Sem hluti af þessu verkefni sendu SVP erindi á fjármála- og efnahagsráðherra sem og iðnaðar- og viðskiptaráðherra þar sem skorað var á ríkið að stuðla að því að fela einkareknum endurskoðendafyrirtækjum aukin verkefni frá hinu opinbera. Til viðbótar hafa SVP gefið út skýrslu um útvistun verkefna þar sem fjallað er um það hagræði sem útvistun verkefna getur falið í sér fyrir hið opinbera ásamt því að fjalla um þau svið sem aðildarfélag SVP geta tekið við verkefnum frá hinu opinbera. Hér er um að ræða verkefni sem núverandi stjórnvöld hafa lagt áherslu á og er m.a. víkið að þessu í inngangi fjárlaga fyrir árið 2014 með þeim orðum að mikilvægt sé að fela einkaaðilum þau verkefni sem betur séu komin hjá þeim en hinu opinbera.

Samkeppniseftirlitið – fundir með stjórnendum fyrirtækja

SVP hafa gagnrýnt á undanförunum árum að verulega hefur skort á að Samkeppniseftirlitið veiti fullnægjandi leiðbeiningar um framkvæmd samkeppnislaga sem og eftirlit stofnunarinnar með þeim lögum. Til að bregðast við þessari gagnrýni frá atvinnulífnum hélt Samkeppniseftirlitið kynningarfundir fyrir fyrirsvarsmenn fyrirtækja og fulltrúa hagsmunasamtaka þar sem starfsemi eftirlitsins var kynnt, ásamt því að fjallað var um samkeppnislögin almennt og farið yfir helstu málaflokka sem eftirlitið hefur einbeitt sér að.

Umsagnir um lagafrumvörp/þingsályktunartillögur/reglugerðir

Frumvarp til laga um vörugjöld (sykurskattur)

Breyting á lögum um vörugjöld (sykurskattur) kom til framkvæmda 1. mars 2013. SVP lögðust hart gegn frumvarpinu þegar það var í meðförum Alþingis en allt kom fyrir ekki, frumvarpið hlaut samþykki þingsins. Auk þess sem skattheimta þessi er flókin í framkvæmd, jafnframt því að vera bæði ósanngjörn og ógagnsæ, hefur hún í för með sér viðbótarálögur á heimilin í landinu þar sem þessi skattkerfisbreyting eins og hver önnur hafði bein áhrif til hækkunar á vísitölu og þar með á lán einstaklinga og fyrirtækja.

Tillaga til þingsályktunar um fríverslunarsamning Íslands og Kína

Í umsögn sinni mæltu SVP með fullgildingu fríverslunarsamnings Íslands og Kína. Bentu samtökin á að fullgilding samningsins mun gjörbreyta þeirri erfiðu aðstöðu sem íslensk verslun býr við varðandi innflutning á vörum frá Asíuríkjum, ekki síst Kína, en í Asíu fer stór hluti af iðnaðarframleiðslu heimsins fram. Að mati SVP mun samningurinn gefa íslenskum innflutningsfyrirtækjum nýja möguleika á að nýta sér það mikla hagræði sem af samningnum hlýst og stuðlar að því að laga samkeppnisstöðu innlendra verslunar- og þjónustufyrirtækja í þeirri hörðu alþjóðlegu samkeppni sem þau starfa flest í. Samtökin áttu fundi með helstu innflytjendum frá Kína í því skyni að greina hvaða möguleikar fælust helst í samningnum fyrir íslenska innflytjendur.

Fríverslunarsamningurinn hefur hlotið staðfestingu Alþingis og mun gildistaka hans að öllum líkindum verða um mitt ár 2014.

Tillaga til þingsályktunar um mótnun viðskiptastefnu Íslands

SVP vöktu athygli á ýmsum hindrunum sem eru í vegi aðildarfyrirtækja samtakanna varðandi samkeppnishæft markaðsumhverfi þeirra og tillögunni er ætlað að taka á. SVP telja mikilvægt að taka til endurskoðunar einstaka málaflokka, s.s. vörugjöld, tvítollun og tollkvóta á landbúnaðarvörum sem og lagaumhverfi búvörumála. Að mati SVP er um að ræða málaflokka sem fela í sér verulega flókið og þyngjandi tollaumhverfi gagnvart bæði verslun og þjónustu sem og neytendum almennt.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluþjónustu

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að breytingum á greiðsluháttum þannig að kaupmenn og aðrir móttakendur greiðslukorta taki upp innheimtu álags á auglýst verð þegar greitt er með greiðslukortum. Í umsögn sinni bentu SVP á að samtökin hafa verið gagnrýnin á þá þóknun sem kortafyrirtæki hafa gert verslun og þjónustu að greiða til þeirra og að greiðsluskýldir aðilar hafa leitað leiða til að fá þau gjöld lækkuð. Hins vegar í ljósi þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur þegar samþykkt breytingar á núgildandi tilskipun um greiðsluþjónustu sem m.a. fela í sér að hámark er sett á milligjald og telja SVP frumvarpið því ekki tímabært að svo stöddu. Þess í stað telja SVP mikilvægt að tryggja innleiðingu á framangreindri tilskipun í innlenda rétt.

Frumvarp til laga um byggingavörur

SVP sendu sameiginlega umsögn ásamt Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins um frumvarpið sem m.a. hefur það að markmiði að innleiða í innlenda rétt kvaðir samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins varðandi byggingavörur. Benda samtökin á mikilvægi þess að við innleiðingu á reglugerðinni verði gætt ítrustu hagkvæmni og útfærsla miðuð við eðli og stærð hins innlenda markaðar ásamt því að kostnaði fyrirtækjanna verði haldið í lágmarki. Þá gera samtökin athugasemdir um hæfi innlendra stofnana sem og ríkisins til að hafa eftirlit með byggingavörum á grundvelli alþjóðlegra staðla. Loks vekja samtökin athygli á að frumvarpið felur í sér tækifæri varðandi hagræðingu á starfsemi þeirra opinberu aðila sem hafa eftirlit á grundvelli frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um matvæli

Í sameiginlegri umsögn SVP og Samtaka atvinnulífsins lögðust samtökin gegn samþykkt frumvarpsins. Benda samtökin á að ekkert samráð var haft við hagsmunaaðila um samningu þess. Þá benda samtökin á að með frumvarpinu er verið að innheimta enn frekari gjöld af atvinnulífnum til að mæta fjárþörf Matvælastofnunar en nú þegar

hafa einstök gjöld stofnunarinnar hækkað til muna. Þá er sú aukna reglubyrði sem lögð er til í frumvarpinu ill samræmanleg stefnufirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs

SVP sendu sameiginlega umsögn ásamt Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins um frumvarpið. Samtökin telja að frumvarpið feli í sér margt til bóta varðandi þennan málaflokk og má nefna að samtökin styðja þær breytingar sem lagðar eru til varðandi fyrirkomulag og stjórnáslu raf- og rafeindatækjaúrgangs og hlutverk Úrvinnslusjóðs á því sviði en samtökin hafa undanfarin ár ítrekað krafist breytingar þar á. Hins vegar eru í umsögninni einnig gerðar einstaka athugasemdir varðandi efni þess og lagðar fram tillögur til úrbóta þar á.

Drög að reglugerð um jafnlaunavottun

Í umsögn sinni taka SVP undir mikilvægi þess að tryggja framgang jafnlaunavottunar hér á landi. Hins vegar benda SVP á að í drögunum er verið að breyta núverandi fyrirkomulagi jafnlaunavottunar, sem þegar er stuðst við með fullnægjandi hætti, á þá vegu að komið er á verulega íþyngjandi kerfi umfram það sem nauðsynlegt er. Að óbreyttu mun hið nýja kerfi fela í sér aukinn kostnað fyrir vottunaraðila sem og notendur þessarar þjónustu. Þá benda SVP á að samkvæmt reglugerðardrögunum er verið að fela innlendum stofnunum hlutverk án þess að fyrir liggja að þeir aðilar uppfylli alþjóðleg viðmið sem gilda um þá starfsemi og staðla.

Umsögn um gjaldskrá Myndstefs

Í umsögn sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytis gera SVP alvarlegar athugasemdir varðandi drög að gjaldskrá Myndstefs. Í gjaldskránni er lagt til að gjaldtakan taki til tilvika þar sem eigandi listaverka sýnir verk opinberlega í húsakynnum sínum, húsakynnum stofnunar, í veitingasal, í annars konar veitingasal, í annars konar sýningarsal eða leigir til þriðja aðila til sýningar. Leggjast SVP gegn samþykkt gjaldskrárinnar m.a. á þeirri forsendu að með henni er vegið verulega að réttindum verslunar og þjónustu sem og einkalífi þeirra aðila sem kaupa listaverk án þess þó að slík kaup séu gerð í þeim tilgangi að standa fyrir opinberri kynningu á þeim. Þá telja samtökin að slík gjaldskrá og forsendur hennar séu slæmt fordæmi fyrir önnur svið, s.s. varðandi tónlist og önnur verk.

2

Sértæk hagsmunagæsla

Starfsemi faghópa innan SVP er mikil enda eiga fyrirtækin innan faghópanna það sameiginlegt að hafa þörf fyrir öflugan hagsmunagæslu af hálfu samtakanna. Stærsti hluti þessarar vinnu lýtur að samskiptum við opinbera aðila.

Faghópar

Faggildingarhópur SVP

Stærstur hluti þeirra fyrirtækja sem starfa á sviði faggildingar hér á landi hafa gengið til liðs við SVP og stofnað sérstakan hagsmunahóp innan samtakanna. Hagsmunahópurinn gætir sameiginlegra hagsmuna þessara fyrirtækja, bæði gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Markmið hópsins er m.a. að vekja athygli á mikilvægi faggildingar í samfélaginu og efla vitund jafnt almennings sem og stjórnvalda gagnvart þessari starfsemi.

Kynningarfundir. Á árinu var lögð áhersla á að kynna starfsemi hagsmunahópsins og mikilvægi faggildingar almennt fyrir þeim opinberu aðilum sem málið kann að varða. Sérstakir kynningarfundir voru haldnir með Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, Samgöngustofu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og þáverandi Siglingastofnun.

Umsagnir. Hagsmunahópurinn veitti eina umsögn á liðnu ári og varðaði hún endurskoðun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á regluverki atvinnulífsins. Óskaði ráðuneytið eftir athugasemdum hvort heldur er varðar lagasetningu eða reglugerðarbreytingar, verkferla og verklag, um það er til einföldunar og bóta geti talist að mati hópsins. Í umsögn sinni gagnrýndi hópurinn stefnuleysi stjórnvalda er viðkemur málefnum faggildingar hér á landi. Þá var gagnrýnt að stjórnvöld nýti sér ekki útivistun verkefna til faggiltra aðila sem raunhæfan hagræðingarkost fyrir ríkið. Skoraði hópurinn á ráðuneytið að nýta sér þá þjónustu sem faggiltar skoðunar- og prófunarstofur hafa að bjóða.

Til viðbótar við framangreinda umsögn var í einstökum umsögnum SVP um tiltekin mál, er vörðuðu m.a. starfssvið skoðunar- og prófunarstofa, gætt hagsmuna hópsins, þ.m.t. umsagnir varðandi tilfærslu á eftirliti Neytendastofu með rafföngum til Mannvirkjastofnunar sem og framkvæmd og fyrirkomulag á jafnlaunavottun.

Hagsmunahópurinn sendi erindi á hagræðingarhóp ríkisstjórnarinnar þar sem vakin var athygli á starfsemi faggiltra fyrirtækja sem og mikilvægi faggildingar. Þá sendi hagsmunahópurinn skýrslu hópsins á hagræðingarhópinn þar sem tekið er á ýmsum meinbugum í starfsemi opinberra aðila. Sambærilegt erindi var sent á ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur.

Lyfsalahópur

Lyfsala á Íslandi býr við þannig rekstrarumhverfi að stór hluti af starfsemi greinarinnar er mjög háð opinberum afskiptum. Hámarksverð lyfja, bæði í smásölu og heildsölu, er ákveðið af opinberri nefnd, Lyfjagreiðslunefnd.

Smásöllumál – innleiðing nýs greiðsluþáttökukerfis lyfja. Nýtt greiðsluþáttökukerfi lyfja tók gildi í maí 2013 og hafði það í för með sér afgerandi breytingu á fyrirkomulagi lyfsöllumála. Þessi kerfisbreyting kallaði á mikinn undirbúning lyfsala, bæði að því er varðar uppfærslu á hugbúnaði og vélbúnaði og þjálfun starfsfólks. Lyfsalar eru almennt þeirrar skoðunar að innleiðing hins nýja greiðsluþáttökukerfis hafi verið spor í rétta átt og muni auðvelda öll samskipti við Sjúkratryggingar Íslands. Kostnaður lyfsala við innleiðingu hins nýja kerfis var hins vegar mikið og enn er ekki útkljáð með hvaða hætti þeim verður bættur sá kostnaður.

Samskiptin við Lyfjagreiðslunefnd. Eins og áður var í samskiptum við Lyfjagreiðslunefnd lögð áhersla á nauðsyn þess að nefndin tæki einkum tillit til breytinga í íslensku rekstrarumhverfi við ákvörðun á nýju smásöluverði lyfja. Tvær breytingar hafa orðið á smásöluálagningu lyfja á árinu. Ekki náðist fram sú hækkun sem var nauðsynleg að mati lyfsala til að mæta auknum kostnaði í rekstri fyrirtækjanna.

Tímasetningar verðbreytinga. Lengi hefur skort nokkuð á að verðbreytingar lyfja séu tilkynntar með góðum fyrirvara, en ávallt eru einhverjar verðbreytingar um hver mánaðamót. Verðbreytingar til lækkunar, leiða til þess að lyf sem ný og ódýrari lyf leysa af hólmi, verða illseljanleg. Hefur þetta haft í för með sér verðulegan kostnað fyrir lyfsala, en ekki hefur gengið sem skyldi að koma fyrirkomulagi þessara mála í ásættanlegt horf.

Breytingar á reglugerðum. Mikilvægar breytingar náðust fram á árinu á tveimur reglugerðum annars vegar er snúa að heilbrigðiskoðun starfsmanna apóteka og hins vegar að auðkenningu lausasölulyfja. Um var að ræða ákvæði sem voru verulega íþyngjandi og kostnaðarsöm fyrir lyfsala og löngu tímabært að breyta.

Vátryggingamiðlarar

SVP gætir hagsmuna fyrir þau fyrirtæki sem stunda vátryggingamiðlun á Íslandi, en flest starfandi fyrirtæki innan greinarinnar eru aðilar að samtökunum.

Staða vátryggingamiðlunar. Staða vátryggingamiðlunar á íslenskum markaði hefur haldist nær óbreytt undanfarin ár. Miðlun líf- og sjúkdómamatrygginga fyrir erlend vátryggingafélag, einkum eitt, hefur verið stærsti þátturinn í starfsemi þeirra. Nokkrar blikur voru á lofti um áframhald samstarfs þess félags og íslenskra vátryggingamiðlara. Fóru fulltrúar samtakanna á fund með fulltrúum félagsins í London í því skyni að tryggja áframhald þeirra á íslenskum markaði. Eru nokkrar vonir bundnar við að sá fundur hafi skilað tilskildum árangri.

Fjársýsluskattur. Samtökin gerðu athugasemdir við að vátryggingamiðlarar greiddu jafn háan fjársýsluskatt og til dæmis vátryggingafélög. Í erindi samtakanna var vakin athygli á þeirri staðreynd að eðli vátryggingamiðlunar væri með þeim hætti, að ekki væri mögulegt fyrir greinina að velta kostnaði vegna þessarar skattheimtu út í verðlagið. Samkeppnisaðilar á vátryggingamarkaði hefðu hins vegar þann möguleika. Hér væri því um samkeppnismismunun að ræða sem erfitt væri að setta sig við.

Samtök heilbrigðisfyrirtækja

Sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtæki innan SVP hafa með sér sérstök samtök sem bera heitið Samtök heilbrigðisfyrirtækja. Helstu verkefni þessa hóps á starfsárinu voru:

Staða sérfræðilækna. Áfram var á þessum vettvangi unnið að því að vekja athygli á mikilvægi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna innan heilbrigðiskerfisins og að tryggja stöðu þeirra. Samningar milli sérfræðilækna og hins opinbera sem verið höfðu lausir frá því í apríl 2011 tókust í desember 2013. Standa vonir við að ný stjórnvöld hafi aðra sýn en hin fyrri á hið mikilvæga hlutverk sem sérfræðilæknar hafa að gegna innan heilbrigðisþjónustunnar og móti trausta stefnu í málefnum þeirra til framtíðar. Vægi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna innan íslenska heilbrigðiskerfisins er mun minna en í ýmsum nágrannalöndum okkar eins og til dæmis í Svíþjóð.

Bygging hátæknisjúkrahúss. Áfram lýstu samtökin efasemdum sínum gagnvart hinum fjárhagslegu forsendum sem liggja til grundvallar byggingu nýs hátæknisjúkrahúss. Síðast var það gert á fundi með velferðarnefnd Alþingis í febrúar 2014. Ekki liggur fyrir nein ákvörðun af hálfu nýrra stjórnvalda um málefni nýs spítala, hvorki um málið í heild sinni né um stærð framkvæmdar og umfang, verði ákveðið að ráðast í framkvæmdina.

Áherslur í heilbrigðismálum. Samtök heilbrigðisfyrirtækja gerðu nýjum heilbrigðisráðherra grein fyrir áherslum sínum í heilbrigðismálum, þar sem áhersla var lögð á bætt þjónustu, að valfrelsi sjúklinga til þjónustuveitenda væri tryggt, aukin framleiðni og bætt nýting fjármuna yrðu höfð að leiðarljósi. Í greinargerð samtakanna til ráðherrans var farið vítt og breytt yfir heilbrigðiskerfið. Leiðarstefið í þeirri umfjöllun var að hlúa yrið að mannauði greinarinnar og stemma stigu við atgervisflotta úr greininni, að valfrelsi til vinnustaðar væri tryggt, eðlilegar og nauðsynlegar tækni framfarir fengju eðlilegan framgang og að öllu heilbrigðisstarfsfólki yrði tryggð boðleg starfsaðstaða.

Samtök sjálfstæðra skóla

SVP sinnir skrifstofuhaldi og hagsmunagæslu fyrir Samtök sjálfstæðra skóla sem stofnuð voru árið 2005 en skólar innan SSSK gengu í SVP árið 2008. Innan samtakanna eru 49 sjálfstætt starfandi skólar á leik- og grunnskólastigi. Að mörgu var að hyggja innan Samtaka sjálfstæðra skóla á starfsárinu og er stiklað á stóru í starfsemi samtakanna hér á eftir.

Samráðsnefnd leik- og grunnskóla. Samtök sjálfstæðra skóla eiga einn aðalfulltrúa og einn til vara í samráðsnefnd leik- og grunnskóla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meðal mála sem voru til umfjöllunar í samráðsnefndinni var ytra mat í grunnskólum, greining á menntastefnu á grundvelli samkomulags FG og SNS, efling leikskólans, staða kennaramenntunar, leyfisbréf o.fl., innleiðing aðalnámskráar, Heimili og skóli – kynningarherferð, kostnaðarmatsnefnd leik- og grunnskólalöggjafar, þróun á ytramati leik- og grunnskóla, úttekt ráðuneytisins á leik- og grunnskólum 2010 – 2012, greining á framkvæmd og áhrifum stefnu um skóla án aðgreiningar og viðmiðunarreglur um samskipti skóla og trúfélaga.

Kjaramáli. Samninganefnd SSSK er skipuð fimm fulltrúum en auk þess er lögfræðingur af vinnumarkaðssviði Samtaka atvinnulífsins samninganefndinni innan handar. Samninganefndin hefur það hlutverk að semja við þau stéttarfélög, sem starfsmenn sjálfstætt starfandi skóla tilheyra. Í kjarasamningi milli Eflingar og SSSK 2011 var gefin viljayfirlýsing um gerð heildarkjarasamings og er hafin undirbúningsvinna að viðræðum.

Alþjóðlegt samstarf. Samtök sjálfstæðra skóla eru aðili að The European Council of National Associations of Independent Schools, ECNAIS, www.ecnais.org. Haldnar eru tvær ráðstefnur á vegum samtakanna ár hvert, vor og haust. Formaður SSSK sótti haustráðstefnuna sem haldin var að þessu sinni í Búkarest í Rúmeníu. Þema ráðstefnunnar var áhrif samfélagsins á þróun sjálfstætt starfandi skóla. Er mikill akkur í þessu samstarfi að mati stjórnar SSSK.

Félagsstarf SSSK

Samtökin standa fyrir öflugu félagsstarfi allt starfsárið þar sem stefnt er að því að upplýsa og fræða félagsmenn bæði á leik- og grunnskólastigi.

Aðalfundur SSSK 2013. Fundurinn var haldinn 23. apríl sl. og var gestur fundarins Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar. Fór Gunnar yfir þau verkefni sem helst brenna á sveitafélögum og reifaði hugmyndir um nýjungar í skólamálið víða erlendis. Að loknu ávarpi Gunnars voru hefðbundin aðalfundarstörf á dagskrá. Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar var endurkjörin formaður og Áslaug Hulda Jónsdóttir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar endurkjörin varaformaður.

Dagur skólastjórans. Dagur skólastjórans fyrir stjórnendur skóla innan SSSK bæði á leik- og grunnskólastigi er nú orðinn fastur liður í félagsstarfi samtakanna. Var dagurinn haldinn í september sl. og var góð þátttaka. Að venju var blandað saman leik og starfi og þótti dagurinn takast einstaklega vel.

Stefnumótunar- og samráðsfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. SSSK tilnefndu tvo fulltrúa til setu á fundinum sem haldinn var í október sl. undir yfirskriftinni „**Skóli og menntun í fremstu röð**“.

Fundur með Reykjavíkurborg. Í október var haldinn fundur með fulltrúum Reykjavíkurborgar af skóla- og frístundasviði. Skólastjórnendur allra sjálfstæðra grunnskóla í Reykjavík kynntu á fundinum umbótaáætlanir sínar í kjölfar heildarmats á skólunum. Á fundinum fóru síðan fram umræður og endurgjöf á þær hugmyndir sem komu fram.

Félagsfundur – framtíðarsýn í skólamálu. Í lok febrúar var haldinn félagsfundur í Kviku, Húsi atvinnulífsins undir yfirskriftinni „**Framtíðarsýn í skólamálu**“ þar sem reifuð var staða sjálfstætt starfandi skóla í náinni framtíð. Gestir fundarins voru Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ. Eftir framsögu gesta gafst tækifæri til spurninga og spjalls. Var fundurinn mjög vel sóttur og mikil ánægja með þá miklu umræðu sem skapaðist.

Ráðstefnan „...góðri lukku að stýra“. Hápunktur starfsársins er árleg ráðstefna- og árhátíðardagur sem haldin er í marsmánuði ár hvert. Í ár var ráðstefnan haldin 7. mars sl. á Hilton Reykjavík Nordica undir yfirskriftinni „...góðri lukku að stýra“ undir dagskrárstjórn Unnars Geirs Unnarssonar frá Leikskólanum Sjálandi. Menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson ávarpaði ráðstefnugesti í upphafi ráðstefnu en aðalfyrirlesarar voru Catherine Hainsworth skólastjóri leik- og grunnskólans Jeavons Wood í Bretlandi og Adda Birnir stofnandi og framkvæmdastjóri Skillcrush búsett og starfandi í Bandaríkjunum. Milli erinda þeirra var boðið upp á tónlistaratriði frá Tjarnarskóla. Ráðstefna og árhátíð voru mjög vel sótt en um 300 manns sátu ráðstefnuna.

Vefsíða samtakanna www.sssk.is er uppfærð reglulega. Þar má finna almennt efni um samtökin og eru fundargerðir birtar á síðunni á lokuðu vefsvæði sem er aðgengilegt félagsmönnum SSSK. Þar er einnig aðgengilegt Starfatorg sem uppfyllir lagaskilyrði um starfsauglýsingar eftir leikskólakennurum.

Samtök ökuskóla

Samtök ökuskóla, SÖ, eru á sínu þriðja starfsári en þau eru skipuð fjórum stærstu ökuskólum landsins. Í þessum ökuskólum fer fram víðtæk fræðsla er varðar allt öku- og vinnuvélanám í landinu. Á starfsárinu horfðu samtökin til þess að efla tengslanetið, innan sem utan landsteinana og styrkja þannig starf samtakanna enn frekar.

Ýmis mál voru tekin til skoðunar, þ.m.t. endurmenntun atvinnubílstjóra og var farið á fund innanríkisráðherra vegna þessa. Þá hafa samtökin kallað eftir því að stofnaður verði samráðshópur vegna ökuþrófa og hafa undirtektir hagsmunaaðila verið góðar.

Endurmenntunardagur Samtaka ökuskóla var haldinn á haustdögum í Húsi atvinnulífsins og var prófdómurum sérstaklega boðið að koma. Þátttakendur voru tuttugu talsins og var mikil ánægja með daginn.

Flutningasvið

Aðild að flutningasviði SVP eiga þjónustufyrirtæki í landflutningum, kaupskipaútgerð og flugfragt. Samgöngukerfið, lagasetning í samgöngum og skilvirkni flutningakeðjunnar eru stærstu hagsmunamál þessara aðildarfyrirtækja auk þess sem menntunarmálin skipa stóran sess.

Fagráð flutningasviðs

Fagráð flutningasviðs er skipað fulltrúum þeirra fyrirtækja sem hlutdeild eiga í rekstri sviðsins. Breytingar á fagráði flutningasviðs voru þær að inn kom nýr fulltrúi fyrir Samskip, Gísli Arnarsson í stað Jörundar Jörundssonar.

Nefndir og ráð

Hagsmunagæsla fyrir flutningasvið felur m.a. í sér að koma á framfæri sjónarmiðum greinarinnar, s.s. með þátttöku fulltrúa í nefndum, ráðum og hópum innan stjórnkerfisins sem hafa með samgöngumál að gera. Á starfsárinu átti flutningasvið SVP fulltrúa í Umferðaráði, síðar Fagráði um umferðamál, Fagráði um hafnamál, Siglingaráði, Siglingaverndarráði og Starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja og flutningsgreina.

Samstarfshópur um samgöngumál í Húsi atvinnulífsins

Samstarfshópur um samgöngumál er þverfaglegur og myndaður af SVP, SAF, SI, LÍÚ og SA. Hópurinn hittist eftir þörfum, að minnsta kosti tvisvar á ári á stefnumarkandi fundum og þegar sameinast er um ákveðin mál s.s. umsagnir til Alþingis, ráðuneyta og undirstofnana.

Meðal þeirra mála sem komu inn á borð hópsins og verkefna sem unnið var að má nefna stefnu Samtaka atvinnulífsins í samgöngumálum, fjármögnun samgönguframkvæmda, aðalskipulag Reykjavíkur, innleiðing Evrópureglna um endurmenntun atvinnubílstjóra og sameiningu samgöngustofnana og áhrif þess.

Samstarfshópurinn sameinaðist um umsagnir um laga- og reglugerðarfrumvörp þar sem það átti við og stóð fyrir sameiginlegum fundum fyrir félagsmenn.

Hópar á flutningasviði

Gróskumikið starf er meðal hópa innan flutningasviðsins og málefnið mörg sem komið hefur verið að á liðnu starfsári. Fyrst ber að nefna hóp tollmiðlara en þann hóp skipa fulltrúar frá aðildarfyrirtækjum SVP sem hafa leyfi til tollmiðlunar, bæði innan og utan flutningasviðs. Mál sem snerta þann hóp einna helst eru tengd tollinum og hefur hópurinn átt faglegt og gott samband við fulltrúa tollstjóraembættisins. Þá hafa verið tekin til umræðu mál er varða verklag embættisins og flækjustig, tölvukerfi sem er komið á aldur, póstsendingar, netverslun, tolla, skyldur, ábyrgð og endurmenntun tollmiðlara. Þá er undirbúningur að fræðsludegi tollmiðlara sem verður haldinn í byrjun apríl nk. vel á veg kominn.

Þá eru óformlegir hópar innan flutningasviðs, s.s. hópar fulltrúa með sérþekkingu á landflutnings-, öryggis- og mannauðsmálum og funda þeir hópar eftir því sem við á. Landssamband vörubifreiðaeigenda er ennfremur aðili að flutningasviði og telur um 90 félagi.

Ýmis mál

Fjöldi verkefna kemur inn á borð flutningasviðs SVP á hverju starfsári, verkefni sem geta haft almenna skírskotuna eða varða hagsmuni einstakra fyrirtækja.

Dæmi um verkefni eru eftirfarandi:

Alþjóðleg björgunar- og viðbragðsmiðstöð. Tekinn var til skoðunar, að frumkvæði innanríkisráðuneytis með hagsmunaaðilum, möguleikinn á því að koma á fót alþjóðlegri björgunar- og viðbragðsmiðstöð á Íslandi í tengslum við viðbragðsgetu á norðurslóðum. Markmiðið er að unnt verði að útfæra tillögur um alþjóðlega björgunar- og viðbragðsmiðstöð á Íslandi telji aðilar það fýsilegan kost fyrir norðurslóðasamstarfið og skila áfangaskýrslu til ríkisstjórnar þar að lútandi.

Endurmenntun atvinnubílstjóra. Endurmenntun atvinnubílstjóra hefur verið viðamikil verkefni innan flutningasviðs. Endurmenntunarákvæðið byggir á tilskipun frá Evrópusambandinu, 2003/59/EB og var í frumvarpi til umferðalaga. Fyrirverandi innanríkisráðherra dró á síðasta starfsári ákvæðið út úr umferðalagafrumvarpinu en núverandi innanríkisráðherra hefur lagt það fram að nýju ásamt öðrum ákvæðum er varða innleiðingu EES-réttar. Frumvarpið er nú í nefnd og hefur flutningasvið SVP átt fund með ráðherra og biðlað til ráðherra um að taka tillit til reglugerðar sem starfshópur um málið lagði drög að á síðasta starfsári.

Lánamál. Að ósk stjórnar Landssambands vörubifreiðaeigenda hefur verið fylgst grannt með niðurstöðum úr dómsmálum sem máli skipta um lánskjör vörubifreiðaeigenda hjá fjármálafyrirtækjum. Þá hefur verið unnið mikið á þeim vettvangi, heilt yfir sem og í einstaka málum fyrir rekstraraðila.

Reglur um smíði, búnað og rekstur skipa á heimskautasvæðum. Á vettvangi Samgöngustofu fer fram vinna með hagsmunaaðilum, þ.m.t. SVP, um reglur Alþjóðasiglingastofnunar, IMO, um smíði, búnað og rekstur skipa á heimskautasvæðum, svonefndan Pólar kóða (Polar Code). Þeirri vinnu er ekki lokið og mun verða fram haldið næstu misseri.

Alþjóðleg þjálfun skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Undirritaður var undir lok starfsársins samstarfssamningur á milli hagsmunaaðila um að vinna að þjálfundarhandbók, sem er mikilvægur þáttur í alþjóðlegri þjálfun skipstjórnar- og vélstjórnarmanna og byggir á alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður.

Hafnamál. Flutningasvið SVP hefur lagt á það áherslu að brýnt sé að hafnarsjóðum sé búinn starfsrammi sem geri þeim kleift að takast á við rekstur, viðhald og endurnýjun án stuðnings ríkissjóðs. Fjárhagsvandi hafnanna og viðvarandi taprekstur þeirra flestra þýði ekki að lausn málsins felist í því að auka tekjur þeirra allra með áframhaldandi ríkisstyrkjum og hækkunum á gjaldskrá. Vísast hér í umsagnir flutningasviðs SVP um frumvarp til hafnalaga.

Háþekjugámar. Flutningasvið SVP fékk áframhaldandi undanþágu frá ákvæðum um heildarhæð vagns og gáms framlengda um tvö ár en undanþágan átti að renna út í lok árs 2013. Forsendur fyrir undanþágunni eru þær að tækjakostur flutningsfyrirtækja hefur ekki verið endurnýjaður að fullu enda aðstæður lítið breyst í samfélaginu, m.t.t. lánamála og gengis krónunnar, og lítið svigrúm hefur verið til endurnýjunar á tækjakosti. Ennfremur hafa samtökin bent á að ekki er vitað til þess að umrædd undanþága hafi valdið neinum vandræðum þann tíma sem hún hefur verið í gildi.

Undanþágur vegna heildarþyngdar. Í lok síðasta árs tóku gildi breytingar á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja sem hafði jákvæð áhrif fyrir flutningsaðila. Breytingarnar felast í því að Samgöngustofa mun ekki gefa út undanþágur frá reglum um heildarþyngd ökutækja í hvert sinn sem frávik eru leyfð frá leyfilegri heildarþyngd ökutækja, eins og þær koma fram í 10. gr. reglugerðarinnar. Í stað þess er undanþágan sjálfkrafa að því tilskildu að vagnlestin uppfylli nánar skilgreind skilyrði.

Rekstrarleyfi. Flutningasvið SVP hefur undanfarið misseri unnið að því að ákvæði um rekstrarleyfi í lögum um fólks- og farmflutninga á landi verði endurskoðuð. Svör innanríkisráðuneytis hafa verið á þann veg að við endurskoðun umræddra laga muni ráðuneytið taka til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé tilefni til úrbóta þannig að eftirlitsheimildir séu styrktar til samræmis við ábendingar SVP.

Umboðsmaður skipa. Útgerð skips sem siglir um íslenska efnahagslögsögu með hættulegan eða mengandi varning í farmrymi eða á þilfari í meira magni en tiltekið er í reglugerð og áformar að hafa hér viðkomu, er skylt að hafa umboðsmann hér á landi. Á sl. misserum hefur það komið fyrir að skip sem falla undir fyrrgreint hafa siglt hér til hafnar án umboðsmanns með tilheyrandi vandkvæðum.

Flutningasvið SVP hefur vakið máls á þessu og unnið að því að úr þessu verði bætt, m.a. fundað með lögfræðingi innanríkisráðuneytis auk bréfaskrifa.

3

Fræðslumál

Fræðslumál skipa stóran sess í starfsemi SVP. Aðkoma samtakanna hefur verið á ýmsan hátt s.s. með þátttöku fulltrúa í ráðum sem hafa með fræðslu- og menntamál að gera og með stuðningi við verkefni í þessum mála-flokki.

Menntanefnd Samtaka atvinnulífsins

Menntanefnd Samtaka atvinnulífsins er skipuð fulltrúum frá SA og öllum aðildarsamtökunum. Á síðasta starfsári var kastljósinu beint að menntamálum í aðdraganda kjarasamninga. Í því samhengi var m.a. horft til styttingar námstíma í framhaldsskóla, hæfnirammann og starfsnám, en lögð hefur verið áhersla á það að auka vægi verk- og starfsmenntunar í menntakerfinu. Þá skipulagði menntanefndin Menntadag atvinnulífsins sem haldinn var í marsbyrjun 2014.

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar

Fulltrúar SVP í starfsgreinaráði voru tveir fram undir lok árs 2013 en þá var ákveðið að skipta út öðrum fulltrú- anum og eftirláta fulltrúa SAF það sæti. Unnið hefur verið mikið og gott starf innan ráðsins sl. ár. Árið 2012 lét starfsgreinaráðið vinna þarfagreiningu flutningagreinarinnar á sviði menntunar og fræðslu. Þá fékkst styrkur til áframhaldandi vinnu að tillögu að námsbraut á framhaldsskólastigi fyrir flutningafræði og til námskrárgerðar. Vinnan við námskrá flutningagreina er því í fullum gangi en Tækniskólinn og VMA vinna sameiginlega að því fyrir ráðið. Vinnu verður væntanlega lokið vorið 2014. Því til viðbótar hefur ráðið tekið meirapróf atvinnubílstjóra til skoðunar undir þeim formerkjum að skoða hvort hvort hægt væri að fella bóklega hlutann inn í nám á framhalds- skólastigi.

Starfsgreinaráð fyrir skrifstofu- og verslunargreinar

Starfsgreinaráðið er skipað 3 aðalfulltrúum frá SVP en einn fulltrúa SVP gegnir stöðu formanns. Ráðið fundar að jafnaði á 2ja mánaða fresti og á sl. starfsári voru alls 6 fundir. Starfsgreinaráðið sinnir fjölbreyttum verkefnum en stærsta verkefnið var áframhaldandi þróun á verkefninu „störfin og kröfurnar“ þar sem skilgreindar voru hæfni-kröfur verslunarfulltrúa. Þá var fram haldið með verkefnið sem felur í sér námskrágerð fyrir verslunarfólk. Til verkefnisins fékkst styrkur frá Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks og var Mímir – símenntun fengin til að vinna verkið. Undir lok ársins tók Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetri verslunarinnar, að sér að halda utan um störf ráðsins og hýsa fundi þess.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Starfsárið var umsvifamikil hjá sjóðnum, m.a. var farið í stefnumótandi vinnu og verkáætlun tímasettra verkefni var rituð, skrifaðar voru og teknar í notkun síðareglur fyrir stjórnarmenn og nýjar úthlutunarreglur tóku gildi. Þá var nýtt merki sjóðsins kynnt til sögunnar og hafist handa við uppsetningu á nýrri vefsíðu.

Fyrirtæki geta sótt um fræðslustyrk til sjóðsins sbr. reglur þar um og þau fyrirtæki sem eru með öflugt fræðslustarf geta sótt um lækkun á iðgjaldi. Á starfsárinu samþykkti sjóðurinn um 78 styrkumsóknir frá fyrirtækjum og 13 umsóknir um „Fræðslustjóra að láni“. Fyrirtæki á lægra iðgjaldi eru 5 talsins.

Öryggisstjórnun

Lokið var við vinnu námsefnis ætlað framlínustarfsfólki í verslun og þjónustu. Námsefnið er ætlað til stuðnings við námskeiðshald og tekur á því sem viðkemur rýmun vegna þjófnaðar. Afurðin er námsbók og glærur og verður öllum velkomið að nota efnið sem verður kynnt fljótlega og mun verða aðgengilegt á vef samtakanna.

Fræðslu- og upplýsingafundir

Aðalfundur SVP 2013

Aðalfundur SVP var haldinn fimmtudaginn 21. mars á Grand Hótel Reykjavík undir yfirskriftinni „*Viðskipti á breyttum tímum*“.

Fyrir hefðbundin aðalfundarstörf var opinn fundur sem var vel sóttur af félagsmönnum. Að loknu ávarpi Steingríms J. Sigfússonar atvinnuvegaráðherra hélt Margrét Kristmannsdóttir formaður SVP ræðu þar sem tæpitungulaust var tekið á þeim málum sem helst brenna á fyrirtækjum í verslun og þjónustu og heimilum í landinu. Næst á mælendaskrá var Dr. Sandra Sieber prófessor við IESE viðskiptaháskólann í Barcelona sem fjallaði um breytt viðskiptaumhverfi og spurði þeirrar spurningar hvort fyrirtæki væru í stakk búinn að mæta auknum kröfum neytenda um tæknivædda þjónustu undir yfirskriftinni „*Digital Society and Digital Business: Are you ready?*“.

Upplýsingafundur um vörugjald (sykurskatt)

Í mars boðaði Tollstjóri til fundar í Húsi atvinnulífsins, í samvinnu við SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Félag atvinnurekenda. Tilgangurinn með fundinum var að kynna fyrir innflytjendum og framleiðendum breytingar á vörugjaldslögunum. Niðurstaða fundarins og þær spurningar sem þar var varpað fram endurspeglar þá gagnrýni sem SVP gerðu varðandi umrædda lagabreytingu og það háa flækjustig sem eftirlit með innheimtu skattsins og framkvæmd felur í sér. SVP bindur miklar vonir að þessi skattur muni brátt heyrja sögunni til, m.a. með vísan til yfirlýsingar stjórnvalda um einföldun á innheimtu virðisaukaskatts og vörugjalda.

Morgunverðarfundur um menntun í flutningagreininni

Flutningasvið SVP hélt morgunverðarfund um menntun í flutningagreininni og var um óbeint framhald fundar að ræða sem haldin var í ársbyrjun 2011. Margt hefur áunnist frá þeim tíma s.s. hefur verið útbúið raunfærnimat fyrir starfsfólk í vöruhúsum og á lager og ítarleg greining gerð á þörfum fyrir menntun innan flutningagreinnar og þótti við hæfi að gera grein fyrir því. Vel var mætt á fundinn en meðal fundargesta voru fulltrúar fræðslu- og menntastofnana, mennta- og menningamálaráðuneytis og mannauðs- og fræðslustjórar ýmissa aðildarfyrirtækja innan SVP.

Skipulag Samgöngustofu

Undir lok sumars var stefna og áherslur nýstofnaðrar Samgöngustofu kynntar á fundi í Húsi atvinnulífsins. Samgöngustofa hafði þá nýverið hafið starfsemi með samruna stjórnsýsluhluta Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar, Umferðarstofu og Vegagerðar. Gestur fundarins var Hermann Guðjónsson, forstjóri Samgöngustofu og fór hann m.a. yfir nýtt skipurit stofnunarinnar, kynnti lykilstarfsmenn, stefnu og áherslur.

Fundur fyrir landflutningsaðila með Vegagerðinni

Að beiðni SVP var haldinn fundur með Vegagerðinni fyrir landflutningsaðila að beiðni SVP, til kynningar á því sem framundan var hjá Vegagerðinni og til að gefa mönnum kost á að koma með spurningar og/eða athugasemdir. Fundurinn stóð yfir í tæpar tvær klukkustundur og mátti heyra að margt brann á mönnum. Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, opnaði fundinn og sagði hann það forgangsverkefni að vegakerfinu væri haldið við og að átak væri nauðsynlegt í þeim málum. Lítið fé væri hins vegar sett í málaflokkinn. Fundir með Vegagerð eru árlegir og ávallt er mikil ánægja með þá meðal hagsmunaaðila.

Kynning á tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Samstarfshópur um samgöngumál í Húsi atvinnulífsins stóð fyrir vel sóttum kynningarfundi á drögum að tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Haraldur Sigurðsson frá Reykjavíkurborg kynnti drögin og svaraði spurningum. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 þykir Sundabraut nauðsynlegur hlekkur í stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins. Sagði Haraldur að Sundabraut væri ekki á dagskrá heldur væri henni vísað í heildarendurskoðun svæðisskipulagsins en framkvæmdaskostnaður vegna Sundabrautar er áætlaður um 40 milljarðar.

Upplýsingafundur um skyldur þeirra sem markaðssetja efni og efnablöndur

Umhverfisstofnun, í samstarfi við SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Samtök iðnaðarins, boðuðu til kynningarfundar í september sl. þar sem fjallað var um skyldur þeirra sem markaðssetja efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni. Sérstakur gestafyrirlesari var Maria O'Shea sem starfar hjá Efnastofnun Evrópu.

Á fundinum var m.a. fjallað um upplýsingaskyldu aðila í aðfangakeðjunni um efni í hlutum og þær kröfur sem þar eru gerðar. Þá var fjallað stuttlega um nýja efnalöggjöf á Íslandi og áhrif hennar.

Almennur félagsfundur í aðdraganda kjaraviðræðna

Í ágúst boðaði stjórn SVP til félagsfundar þar sem til umræðu voru áherslur SVP í kjaraviðræðum sem voru framundan. Var markmiðið með fundinum að fá fram sjónarmið og áherslur félagsmanna fyrir kjarasamninga og þeirra innlegg í kjarastefnu SA og áherslur gagnvart stjórnvöldum. Var fundurinn vel sóttur og mikilvægt fyrir samtökin að fá sýn félagsmanna á þá vinnu sem framundan var.

Ráðstefna um þjónustugeirann

Í nóvember 2013 stóð SVP fyrir ráðstefnu um þau tækifæri sem felast í því að fela einkaaðilum stærri hluta af þeim verkefnum sem nú eru á hendi hins opinbera. Ráðstefnan bar yfirskriftina „**Hið opinbera eða einkaaðilar**“ – **hvernig er staðan nú og hvar liggja tækifærin**. Á ráðstefnunni var sjónum einkum beint að tækifærum á sviði heilbrigðismála og menntamála. Einnig var ljósi varpað á það hvar þjónustufyrirtæki gætu leyst hið opinbera af hólmi og á þá möguleika sem felast í skipulegri útvistun verkefna til einkaaðila. Ráðstefnan var mjög fjölsótt og heppnaðist að öllu leyti vel.

Alþjóðlegi Gagnaverndardagurinn „Data Privacy Day“

Ráðstefna um gagnaöryggi hjá fyrirtækjum var í haldinn í janúar sl. á Grand Hótelu Reykjavík í samvinnu við Deloitte. Gagnaverndardagurinn hefur þann tilgang að auka og viðhalda vitund um mikilvægi gagnaverndar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ráðstefnan var mjög fjölsótt og hefur efni hennar orðið tilefni frekari umfjöllunar innan SVP.

Námskeið um mótun markaðsstefnu og skipulag markaðsmála

Í febrúar 2014 bauðst félagsmönnum SVP tækifæri til að kynnast á hagnýtan hátt þeim viðfangsefnum sem sérhvert fyrirtæki þarf að glíma við til að ná árangri í samkeppni á markaði. Fyrirlesari var Þórður Sverrisson ráðgjafi en námskeiðið byggðist á bók hans „Forskot“ sem er fyrsta íslenska bókin sem tekur á heildstæðan hátt á lykilviðfangsefnum í stjórnun fyrirtækja þ.e. stefnumótun og framtíðarsýn, skipulagi og stjórnun, og margvíslegum viðfangsefnum í markaðsstarfi.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í fyrsta sinn í byrjun mars 2014. Að deginum stóðu SA og öll aðildarsamtök þeirra en menntanefnd atvinnulífsins skipulagði daginn. Aðalfyrirlesari dagsins var Dr. Andreas Schleicher, framkvæmdastjóri menntamála hjá Efnahags- og framfarastofnuninni OECD. Á þriðja hundrað manns sátu fundinn en í forsal kynntu fræðslusjóðir og fræðsluaðilar sig á menntatorgi. Þá voru veittar viðurkenningar en Samskip hf. voru útnefnd sem menntafyrirtæki ársins 2014 og ferðabjónustufyrirtækið Nordic Visitor var útnefnt menntasproti ársins 2014.

Kynningarfundur varðandi merkingu matvæla

Í febrúar 2014 var boðað til sameiginlegs fundar SVP og Samtaka iðnaðarins þar sem fulltrúar frá Matvælastofnun kynntu fyrir félagsmönnum samtakanna helstu breytingar sem boðaðar eru með nýrri reglugerð um merkingar matvæla. Með reglugerðinni er verið að innleiða samevrópskar kröfur á þessu sviði. Á fundinum fór fram þörf umræða um merkingar matvæla og þær kröfur sem gerðar eru til innlendra aðila í því sambandi. Af spurningum fundarmanna mátti ráða að þeir telja að margar þær séríslensku kröfur um merkingar, sem lagðar eru til, gangi í einstaka tilvikum lengra en nauðsynlegt er og því var skorað á yfirvöld að taka þær kröfur til endurskoðunar.

4 Sértæk verkefni/áherslur

Kynningarmál SVP í aðdraganda alþingiskosninga

Í aðdraganda alþingiskosninga vorið 2013 ákvað stjórn SVP að hefja viðamikla kynningarherferð á helstu baráttumálum samtakanna. Var það gert undir slagorðunum „**Aukum kaupmáttinn – kjósum lægra vöruverð**“. Eftir nokkrar umræður í stjórn samtakanna var ákveðið að nota kynningarherferðina til þess að vekja athygli á þeim miklu möguleikum sem felast í því lækka eða afnema tollvernd ýmissa landbúnaðarafurða í því skyni að bæta kaupmátt almennings í landinu. Einnig var kynningarherferðin notuð til að vekja athygli á ýmsum ósanngjörnum tollum og vörugjöldum sem skekkja samkeppnisstöðu verslunarinnar í landinu.

Átakinu var hrint úr vör laugardaginn fyrir páska og var það gert í Melabúðinni. Reyndist þessi tímasetning heppileg þar sem auðvelt var að ná athygli fjölmiðla og fékk átakið því þegar í upphafi mjög góða kynningu í fjölmiðlum. Kynningarherferðin stóð síðan yfir í næstu eina til tvær vikur í nær öllum matvöruverslunum í landinu.

Óhætt er að fullyrða að kynningarátakið hafi heppnast vel og náð athygli almennings. Í kjölfar átaksins mátti merkja umtalsverða viðhorfsbreytingu hjá stórum hópi fólks gagnvart þeim baráttumálum samtakanna sem sett voru á oddinn í kynningarátakinu.

Skipulagsbreyting á aðildarsamtökum SA – Rekstrarfélag Húss atvinnulífsins

Sameiginleg stoðþjónusta fyrir öll samtökin sem reka starfsemi sína í Borgartúni 35, hóf starfsemi sína í upphafi árs 2014. Undirbúningur þessa máls hafði þá staðið um nokkurn tíma, en markmiðið með þessari starfsemi er að leita leiða til ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri SA og aðildarsamtaka þeirra. Stjórn SVP samþykkti að taka þátt í þessu verkefni af heilum hug í þeirri vissu að sameiginleg móttaka á fyrstu hæð hússins og stórbætt fundaraðstaða þar, bætti ásýnd SA og annarra samtaka í húsinu, jafnframt því sem það leiddi til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu við atvinnulífið. Jafnframt þessu, urðu þær skipulagsbreytingar á SA að stofnuð var sérstök hagdeild atvinnulífsins og þangað ráðnir þrír hagfræðingar. Einnig var sett á laggirnar mennta- og nýsköpunarsvið hjá SA og ráðinn forstöðumaður yfir því.

Verkefnið „Allir vinna“

Verkefnið „**Allir vinna**“ sem staðið hefur yfir undanfarin ár, var framlengt enn einu sinni, nú til ársloka 2014. Eins og áður felst átakið í því að einstaklingar geta fengið virðisaukaskatt vegna vinnu á byggingarstað endurgreiddan og nær þetta ákvæði bæði til vinnu við íbúðarhúsnæði og frístrandahús. Enn er talið að þetta verkefni sé mikilvægt, bæði í því skyni að efla atvinnu, ekki síst í byggingariðnaði og til að stemma stigu við svartri atvinnustarfsemi.

Rannsóknarsetur verslunarinnar

Starfsemi Rannsóknarseturs verslunarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Framlag hins opinbera til reksturs setursins er enn í lágmarki sem setur starfsemi þess miklar skorður, en stjórn SVP lýsti áhyggjum sínum yfir því að mikið vantaði á tölulega greiningu á stöðu verslunarinnar. Er staðan mun verri að þessu leyti en hjá flestum öðrum atvinnugreinum. Fjárhagslegur aðskilnaður milli Háskólans á Bifröst og setursins hefur nú farið fram.

Ísland – Allt árið

Verkefnið „Ísland – allt árið“ er samstarfsverkefni hagsmunaaðila en markmið þess er m.a. að fjölga erlendum ferðamönnum utan háannartíma um 12% á ári og þá að auka verslun erlendra ferðamanna þannig að endurgreiðsla af vsk til ferðamanna á þessum árstíma fari úr 560 milljónum í 800 milljónir á tímabilinu. Verkefnið, sem hefur að flestra mati skilað gríðarlega góðum árangri, er nú á sínu síðasta starfsári og er stutt í að áður nefndum markmiðum verði náð. Þær hugmyndir hafa verið reifaðar að halda áfram samstarfi en ljóst er að koma ferðamanna yfir vetrartímamann hefur aukist mjög mikið og þar með verslun vegna erlendra ferðamanna en um það vitna tölur frá Rannsóknasetri verslunarinnar. Auk SVP standa að verkefninu iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Icelandair, Reykjavíkurborg, Landsbankinn, Isavia og Samtök ferðaþjónustunnar. Íslandsstofa annast framkvæmd verkefnisins

„Litla Ísland“

Blásið var til s.k. smáþings á haustdögum 2013 þar sem stofnaður var nýr vettvangur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi undir merkjum „Litla Íslands“. Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök SA stóðu að þinginu sem var vel sótt. Tilgangur „Litla Íslands“ er að bæta rekstrarumhverfi lítilla fyrirtækja á Íslandi í því skyni að byggja upp kröftugra atvinnulíf. Í kjölfar smáþingsins var efnt til stefnumótunarfundar þar sem línur voru lagðar að frekara starfi vettvangsins. Þá voru haldnir mánaðarlegir fundir sniðnir að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Vinnuvernd

Starfshópur, skipaður fulltrúum Vinnueftirlitsins og atvinnulífsins, þ.m.t. SVP fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins, sáu um framkvæmd vinnuverndardagsins og komu að skipulagningu stefnumótunarfundar þar sem hlutaðeigandi var boðið að taka þátt í mótun stefnu í málaflokknum. Fjöldmenni var á stefnumótunarfundinum eða um 200 manns frá öllum sviðum atvinnulífsins. Markmið fundarins var að kalla eftir áhersluatriðum í vinnuvernd frá sem flestum aðilum á íslenskum vinnumarkaði en óskað hafði verið eftir viðtækri þátttöku aðila vinnumarkaðarins, þjónustuaðila í vinnuvernd, stofnana og fyrirtækja til þess að tryggja að öll sjónarmið kæmu fram sem skipta máli. Vinnuverndardagurinn er innan vinnuverndarvinnunnar og er hluti af sameiginlegu átaki Evrópuþjóða til að vekja athygli á ákveðnum þáttum í vinnuumhverfinu í þeim tilgangi að gera vinnustaðina heilsusamlegri og öruggari.

Njarðarskjöldurinn og Freyjusómi

Njarðarskjöldur og Freyjusómi 2013, viðurkenningar og hvatningarverðlaun, voru veitt við hátíðlega athöfn í Hörpu í lok febrúar 2014. Njarðarskjöldurinn hlaut að þessu sinni Gilbert úrsmiður á Laugavegi, fyrir meðal annars að hafa skapað sér ákveðna sérstöðu hvað varðar sölu til erlendra ferðamanna. Gilbert tók við viðurkenningunni í búningi geimfara. Freyjusóma hlaut Ófeigur gullsmiður á Skólavörðustíg fyrir gott fordæmi og ferska nálgun í verslunarrekstri á ferðamannamarkaði. Njarðarskjöldurinn er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, SVP – Samtaka verslunar og þjónustu, Félags atvinnurekenda, Kaupmannasamtaka Íslands, Global Blue á Íslandi og Tax Free World Wide. Markmið verðlaunanna er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík.

Umsagnir

Eftirtalin frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir bárust samtökunum til umsagnar á starfsárinu:

Frumvörp

- Frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum (ríkisstyrkur o.fl.)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð
- Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum
- Frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014
- Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.)
- Frumvarp til laga um byggingavörur
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skaðsemisábyrgð (ábyrgð dreifingaraðila)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda (talsmaður neytenda o.fl.)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluþjónustu (gjaldtaka vegna notkunar greiðslumiðlara)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Geislavarnir (breytingar á eftirliti, niðurlagning geislavarnaráðs o.fl.)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutning á landi
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og lögum um fyrirtækjaskrá
- Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum (úthlutun tollkvóta)
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli
- Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum (gjaldtökuheimild, samhliða innflutningur lyfja)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu (reglugerðarheimild, EES-reglur)
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup (innkaup á sviði öryggis- og varnarmála)
Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar (forræði rafmagnsöryggismála)
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, lögum um loftferðir, vopnalögum og lögreglulögum
Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum (EES-innleiðing o.fl.).
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs
Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og lögum um vörugjald (staðgengdarvörur kúamjólkur)
Frumvarp til laga um breytingu á vegalögum

Þingsályktunartillögur

Tillaga til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa
Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi
Tillaga til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands
Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína
Tillaga til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala
Tillaga til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli
Tillaga til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpokanotkun
Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi

Reglugerðir og fleira

Drög að breytingu á hafnarreglugerð Porlákshafnar
Drög að reglugerð um rannsókn samgönguslysa
Drög að breytingu á reglugerð um afgreiðslu lyfseðla, áritun þeirra og afhendingu lyfja
Drög að breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi
Drög að breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja
Drög að breyttri reglugerð um gerð og búnað ökutækja
Drög að reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda
Drög að reglugerð um jafnlaunavottun
Drög að reglugerð um velferð gæludýra
Drög að reglugerð um söfnun gagna um framleiðslu, innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti og eftirlit með orkuhlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis í heildarsölu til samgangna á landi
Drög að reglugerðum um framleiðslu og dreifingu lyfjablandaðs fóðurs handa dýrum og um framleiðslu og dreifingu lyfjablandaðs fóðurs handa fiski, krabbadýrum og lindýrum
Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna
Drög að breytingu á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 584/2010
Drög að breytingu á reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis nr. 657/2009
Beiðni um athugasemdir vegna endurskoðunar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtistaði
Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri
Beiðni um umsögn um gjaldskrá Myndstefs
Beiðni um umsögn um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík
Beiðni um umsögn um drög að öryggishandbók leikskóla

SVP-Samtök verslunar og þjónustu

Ársreikningur

2013

SVP - Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
105 Reykjavík
kt. 570599-2249

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Skýrsla stjórnar	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Yfirlit um sjóðstreymi	5
Skýringar	6-9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í SVÞ-Samtökum verslunar og þjónustu.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SVÞ-Samtaka verslunar og þjónustu fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 6. febrúar 2014.

Deloitte ehf.

Láraus Finnbogason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur SVP-Samtaka verslunar og þjónustu fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður SVP-Samtaka verslunar og þjónustu á árinu 2013 nam kr. 9.439.111. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 174.915.938, bókfært eigið fé í árslok er kr. 142.282.025 og er eiginfjárlutfall félagsins 81%.

Samtökin eru málsvari atvinnurekenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum sem vinna að almennum, sameiginlegum hagsmunamálum aðildarfyrirtækja.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra SVP-Samtaka verslunar og þjónustu að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri SVP-Samtaka verslunar og þjónustu staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. febrúar 2014


Í stjórn



Margrét Kristmannsdóttir
stjórnarformaður



Finnur Árnason
varaformaður



Guðrún Jóhannesdóttir



Hörður Gunnarsson



Guðmundur Halldór Jónsson




Margrét G. Flóvenz



Sigríður Margrét Oddsdóttir

Framkvæmdastjóri



Andrés Magnússon

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Tekjur af aðalstarfsemi		86.588.000	84.998.203
Aðrar tekjur		0	91.031.869
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(49.386.414)	(46.777.714)
Annar rekstrarkostnaður		(30.213.896)	(31.098.362)
Afskriftir fastafjármuna	5	(2.073.764)	(2.073.764)
Rekstrarhagnaður		4.913.926	96.080.232
Fjármunatekjur	4	4.573.094	1.978.947
Fjármagnsgjöld	4	(47.909)	(1.732.207)
Hagnaður ársins		9.439.111	96.326.972

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	32.943.147	35.016.911
		<u>32.943.147</u>	<u>35.016.911</u>
Veltufjármunir			
Kröfur vegna félagsgjalda		1.761.264	3.473.727
Aðrar skammtímakröfur	6	431.689	390.062
Markaðsverðbréf		77.224.556	48.629.327
Handbært fé	6	62.555.282	55.636.626
		<u>141.972.791</u>	<u>108.129.742</u>
Eignir		<u>174.915.938</u>	<u>143.146.653</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	142.282.025	132.842.914
Eigið fé		<u>142.282.025</u>	<u>132.842.914</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddar innheimtur		22.857.860	1.135.005
Aðrar skammtímaskuldir	8	9.776.053	9.168.734
		<u>32.633.913</u>	<u>10.303.739</u>
Skuldir		<u>32.633.913</u>	<u>10.303.739</u>
Eigið fé og skuldir		<u>174.915.938</u>	<u>143.146.653</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		4.913.926	96.080.232
Afskriftir		2.073.764	2.073.764
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>6.987.690</u>	<u>98.153.996</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		1.670.836	(595.777)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		22.330.174	921.352
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>30.988.700</u>	<u>98.479.571</u>
Innborgaðir vextir og arður		1.544.481	1.122.594
Greiddir vextir		(47.909)	(1.732.207)
Handbært fé frá rekstri		<u>32.485.272</u>	<u>97.869.958</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Aðrar fjárfestingarhreyfingar		(25.566.616)	(29.392.613)
		<u>(25.566.616)</u>	<u>(29.392.613)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		0	(51.204.899)
		<u>0</u>	<u>(51.204.899)</u>
Hækkun handbærs fjár		6.918.656	17.272.446
Handbært fé í upphafi árs		55.636.626	38.364.180
Handbært fé í lok árs		<u>62.555.282</u>	<u>55.636.626</u>

1. Starfsemi

SVP-Samtök verslunar og þjónustu eru samtök og er meginstarfsemi þeirra fólgin í hagsmunagæslu. Tilgangur samtakanna er að vera málsvari atvinnurekenda á sviði verslunar og þjónustu. Vinna að almennum og sameiginlegum hagsmunarmálum aðildarfyrirtækja. Stuðla að framförum í verslun og þjónustu, bættum starfsskilyrðum, aukinni arðsemi og samkeppnishæfni. Samtökin eru ein af sjö hagsmunasamtökum sem mynda Samtök atvinnulífsins (SA). Lögheimili samtakanna er í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur SVP-Samtaka verslunar og þjónustu fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Leigusamningar

Leigusamningar sem samtökin hafa gert eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2013	2012
Laun	39.155.680	37.195.534
Lífeyrissjóður	3.770.761	3.584.672
Önnur launatengd gjöld	4.638.419	4.507.508
Annar starfsmannakostnaður	1.821.554	1.490.000
	<u>49.386.414</u>	<u>46.777.714</u>
Stöðugildi að meðaltali	4	4

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2013	2012
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	1.175.384	1.132.147
Fjármunatekjur af markaðsverðbréfum	3.028.613	849.864
Aðrar vaxtatekjur	677.174	296.842
Fjármagnstekjuskattur	(308.077)	(299.906)
	<u>4.573.094</u>	<u>1.978.947</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	0	(1.621.135)
Önnur vaxtagjöld	(47.909)	(111.072)
	<u>(47.909)</u>	<u>(1.732.207)</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Húsbúnaður	Bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	45.282.662	1.596.226	5.150.000	52.028.888
Staða í árslok	45.282.662	1.596.226	5.150.000	52.028.888
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	13.293.864	1.314.780	2.403.333	17.011.977
Afskrift ársins	1.222.632	27.132	824.000	2.073.764
Staða í árslok	14.516.496	1.341.912	3.227.333	19.085.741
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	31.988.798	281.446	2.746.667	35.016.911
Bókfært verð í árslok	30.766.166	254.314	1.922.667	32.943.147

Afskriftarhlutföll

3%

10%

20%

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	34.045.000	53.100.000

6. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Aðrar kröfur	431.689	390.062
	431.689	390.062

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2013	31.12.2012
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	62.555.282	55.636.626
	62.555.282	55.636.626

Skýringar

7. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2013	132.842.914
Hagnaður ársins	9.439.111
Eigið fé 31.12.2013	142.282.025

8. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2013	31.12.2012
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6.138.059	5.374.988
Aðrar skuldir	3.637.994	3.793.746
	<u>9.776.053</u>	<u>9.168.734</u>

9. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 6. febrúar 2014.



Samtök
verslunar og
þjónustu

SVP • Borgartúni 35 • 105 Reykjavík
Sími 511 3000 • svth@svth.is • www.svth.is